

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um söfnun og endurvinnslu einnota umbúða fyrir drykkjarvöru og skilagjald á drykkjarvörur í einnota umbúðum nr. 358/1990.

1. gr.

3. gr. í reglugerð nr. 358 frá 31. ágúst 1990 orðist svo:

Gjaldskylda.

Gjaldskylda skv. 1. gr. nær til allra drykkjarvara í einnota umbúðum, sem fluttar eru til landsins eða eru framleiddar eða átappaðar hér á landi og flokkast í vöruliði 2201, 2202 og 2203 í viðauka I við tollalög nr. 55/1987.

Undanþegið er þó vatn, eingöngu til notkunar í björgunarbáta, enda sé það viðurkennt af Siglingamálastofnun ríkisins.

Drykkjarvörur, sem seldar eru úr landi, eru ekki gjaldskyldar. Við flokkun til gjaldskyldu skv. reglugerð þessari skal fylgt flokkunarreglum tollalaga nr. 55/1987, með áorðnum breytingum skv. lögum nr. 96/1987 og auglýsingum nr. 12/1988 og 96/1988. Ákvæði tollalaga gilda jafnframt um úrskurðarvald í ágreiningsmálum um tollflokkun drykkjarvara.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 52/1989 og öðlast þegar gildi.

Umhverfisstofnun, 18. apríl 1991.

F. h. r.

Páll Línadal.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 88/1991 um Starfsmannaráð Póst- og símamálastofnunarinnar.

1. gr.

e) liður 1. gr. orðist svo:

Fulltrúi tilnefndur af félögum innan stofnunarinnar í Alþýðusambandi Íslands með málfrelsi og tillögurétt, svo og tillögu- og atkvæðisrétt, þegar fjallað er um stöður innan ASÍ.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 10. gr. laga nr. 36/1977, um stjórn og starfrákslu póst- og símamála, sbr. lög nr. 34/1987, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 16. apríl 1991.

Steingrímur J. Sigfússon.

Halldór S. Kristjánsson.

Endurprentað blað.